

SAMÞYKKTIR

VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS HF.

1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR FÉLAGSINS

- 1.1. Heiti félagsins er Verðbréfamiðstöð Íslands hf, enskt hjá heiti félagsins er VBM Ltd.
- 1.2. Félagið er hlutafélag.
- 1.3. Heimilisfang félagsins er í Reykjavík.
- 1.4. Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfamiðstöðvar í samræmi við starfsleyfi félagsins. Starfsemi félagsins felst í rafrænni skráningu eignarhalds og réttinda yfir verðbréfum. Enn fremur að annast uppgjör viðskipta með rafrænt skráð verðbréf.

2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS, HLUTASKRÁ, FORKAUPTSRETTUR O.FL.

- 2.1. Heildarhlutafé félagsins er 378.201.194 kr. *** Þrjúhundraðsjötuogáttamilljónir-tvöhundraðogeittþúsundeitthundarðnítíuogfjórar íslenskar krónur*** að nafnverði og skiptist í jafn marga hluti að nafnverði 1 króna hver.
- 2.2. Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Með sama hætti getur hluthafafundur ákveðið lækkingu hlutafjár.
- 2.3. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Í hlutaskrá skulu skráð nöfn, kennitölur og heimilisföng eigenda hluta í félaginu. Hlutir skulu skráðir í númeraröð. Við eigendaskipti á hlut skal skrá nafn nýs eiganda í hlutaskrá. Félagið skal krefjast gagna sem staðfesta framsal á hlut þegar óskað er skráningar.
- 2.4. Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.
- 2.5. Engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréf í félaginu, nema þær sem leiða kann af samkomulagi einstaka hluthafa þeirra á milli. Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart félaginu fyrr en skráning í hlutaskrá hefur farið fram. Félaginu er þegar í stað skylt að skrá nýjan hlutahafa í hlutaskrá er tilskilin gögn um eignarétt nýs hluthafa liggja fyrir. Hafi hlutabréf félagsins verið skráð rafrænt í verðbréfamiðstöð fer um eigendaskipti og framkvæmd þeirra eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Hluthafar skulu hafa aðgang að hluthafaskrá.

- 2.6. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Hluthafi skal tilkynna félaginu heimilisfang sitt, en sé slíkt ekki gert telst skráð lögheimili hluthafa vera heimilisfang hans. Félagið ber enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti. Hluthafi getur vitjað arðs á skrifstofu félagsins innan fjögurra ára frá því að hann varð gjaldkræfur, að þeim tíma liðnum fellur hann til félagsins.
- 2.7. Hver hluthafi er skyldur til að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.
- 2.8. Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu. Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.
- 2.9. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hlutahafafundar.
- 2.10. Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

3. HLUTHAFAFUNDIR

- 3.1. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.
- 3.2. Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri, þótt ekki séu hluthafar. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Hluthöfum er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra og aðstoðar.
- 3.3. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla en verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er. Umboðsmanni hluthafa er jafnframt heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sbr. 3.2. gr.
- 3.4. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.
- 3.5. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.
- 3.6. Hluthafafundi skal boða með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta en lengst fjögurra vikna fyrirvara.
- 3.7. Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun hluthafafundar. Hluthafafundur skal boðaður með tilkynningu til hvers hluthafa með sannanlegum hætti, þ.m.t. með tölvupósti enda hafi móttaka tölvupóstsins verið staðfest. Einnig skal félagsstjórn annast boðun hluthafafundar innan 14 daga frá því að krafa um það berst með sannanlegum hætti, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.
- 3.8. Í fundarboði skal a.m.k. greina:
 1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá (fundarefni).
 2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
 3. Hvar og hvernig nálgast megi:
 - i. Óstytt skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
 - ii. Óstytta ályktunartillögur eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærrí stofnun í félaginu að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.
 - iii. Óstytta ályktunartillögur hluthafa sem félagið hefur móttakið.

- iv. Veffang þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar skulu hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.
- 3.9. Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
- 3.10. Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Boða má til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.
- 3.11. Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan fjögurra mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Aðalfundi skal boða með sama hætti og aðra hluthafafundi.
- 3.12. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:
1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.
 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
 3. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
 4. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
 5. Kosning endurskoðenda félagsins.
 6. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins, ef við á, sbr. 4.17. gr.
 7. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
 8. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl.
 9. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
 10. Önnur mál.
- 3.13. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í 1. og 2. lið 3.12. gr., til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
- 3.14. Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Hluthafafundi ber þá að taka til afgreiðslu þau mál sem hluthafi hefur óskað meðferðar á meðan framangreindum hætti.

- 3.15. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá og endanlegar tillögur, lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins auk vefsíðu og samtímis sendar sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.
- 3.16. Löglega frambornar breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.
- 3.17. Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.
- 3.18. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal láta skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað, og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri getur einnig óskað eftir heimild hluthafafundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.
- 3.19. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé og engar takmarkanir eru á beitingu atkvæðisréttar hluthafa.
- 3.20. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar til stjórnar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.
- 3.21. Félagsstjórn er heimilt að ákveða notkun rafrænna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu samkvæmt 80. gr. a laga um hlutafélög.

4. STJÓRN FÉLAGSINS

- 4.1. Aðalfundur kýs árlega þrjá aðalmenn í stjórn félagsins og tvo til vara. Um hæfi þeirra fer samkvæmt 27. gr. laga um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga nr. 7/2020.
- 4.2. Kosning stjórnar skal að jafnaði vera skrifleg ef fleiri einstaklingar eru í framboði heldur en kjósa skal í stjórn.
- 4.3. Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

- 4.4. Ef hluthafar félagsins eru fleiri en 200 þá geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, gert kröfu um að beitt verði hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Ef hluthafar félagsins eru færri en 200 þá geta hluthafar, er ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krafist að beitt verði hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm virkum dögum fyrir hluthafafund.
- 4.5. Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.
- 4.6. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum (en hlutfall hvors kyns skal þó ekki vera lægra en 40% ef stjórn er fjölmennari). Sama gildir um kynjahlutföll varamanna. Við stjórnarkjör skal efsti frambjóðandi af hvoru kyni sem flest atkvæði hlýtur teljast réttkjörinn auk þess frambjóðanda sem flest atkvæði fær af þeim frambjóðendum sem eftir standa.
- 4.7. Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm virkum dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á félagsstjórn. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.
- 4.8. Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan hins tiltekna frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 4.9. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.
- 4.10. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.
- 4.11. Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Varamenn taka sæti í fjarveru aðalmanna eftir þeim reglum sem hluthafar kunna að koma sér saman um á hverjum tíma.

- 4.12. Til stjórnarfundar skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal vera skriflegt og skal í því greina dagskrá fundarins. Heimilt er að senda fundarboð með tölvupósti. Stjórnarformaður getur vikið frá framangreindum fresti ef hann telur það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna eða ef allir stjórnarmenn eru sammála um það og geti tekið þátt í fundi.
- 4.13. Unnt er að halda stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla að svo miklu leyti sem það samræmist framkvæmd verkefna félagsstjórnar. Krefjist stjórnarmaður eða framkvæmdarstjóri þess skal stjórnarfundur vera haldinn með hefðbundnum hætti.
- 4.14. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar allir stjórnarmenn sækja hann. Í forföllum aðalmanna stjórnar skulu varamenn taka sæti, þannig að stjórnarfundum sitji ávallt þrjú stjórnarmenn. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögum eða um málefni sem hluthafar kunna að koma sér saman um á hverjum tíma að samþykki allra stjórnarmanna þurfi til. Stjórnin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.
- 4.15. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Hún skal annast um og hafa eftirlit með að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 4.16. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 4.17. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.
- 4.18. Komi til þess að félaginu beri skylda til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við 79. gr. a. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, skal stjórn setja á laggir starfskjaranefnd félagsins og skipa í hana hæfa einstaklinga.

Í starfskjaranefnd skulu vera þrjú nefndarmenn að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum. Vegna eðlis starfa nefndarinnar mega hvorki framkvæmdastjóri né aðrir starfsmenn eiga þar sæti. Hlutverk starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Starfskjaranefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn félagsins.

- 4.19. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.
- 4.20. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

5. FRAMKVÆMDASTJÓRI

- 5.1. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til félagsins og ákveður starfskjör hans.
- 5.2. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Öll viðskipti félagsins við hluthafa eða aðra aðila tengda félaginu skulu fara fram á grundvelli armslengdarreglu og allar ákvarðanir um slík viðskipti skulu háð fyrirfram gefnu samþykki stjórnar félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur heldur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvörðunar félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 5.3. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur. Framkvæmdastjóri skal einnig sjá um að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 5.4. Framkvæmdastjóra er skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.
- 5.5. Stjórn félagsins getur sett framkvæmdastjóra nánari starfsreglur.

6. ÁRSREIKNINGUR OG ENDURSKOÐUN

- 6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald. Endurskoðaður ársreikningur, staðfestur af stjórn félagsins, skal ásamt ársskýrslu sendur Fjármálaeftirlitinu innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.
- 6.2. Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu endurskoðanda til eins árs í senn. Endurskoðandi skal endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund félagsins. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.
- 6.3. Ársreikningar félagsins skulu vera öllum aðgengilegir.

7. EIGIN HLUTIR

- 7.1. Félaginu er óheimilt að eiga eigið hlutafé.

8. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

- 8.1. Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum.

Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði hluthafar sem fara með a.m.k. 85% hlutfjár í félaginu, nema mælt sé fyrir um enn aukinn meirihluta hlutfjár í einstökum ákvæðum samþykktu þessara eða í lögum.

- 8.2. Ákvæðum samþykktu þessa um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3. mgr. 94. gr. hlutfélagalaga.

9. ÁBYRGÐARTRYGGING

- 9.1. Félagið skal kaupa ábyrgðartryggingu í samræmi við 30. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Samanlögð váttryggingarfjárhæð skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónir króna en samanlagðar skaðabætur vegna sama tjónsatburðar geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi fjárhæðarinnar, eða 325 milljónum króna, sbr. 4. mgr. 28. gr. laga nr. 131/1997.

10. SLIT Á FÉLAGINU

- 10.1. Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og þarf þá samþykki hluthafa er ráða minnst 85% hluta af heildarhlutafé félagsins á hluthafafundi og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Fundur sá sem samþykkir á lögum hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII kafla hlutfélagalaga.

11. SAMRUNI OG SKIPTING

- 11.1. Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu þess í fleiri félög fer eftir XIV. kafla hlutfélagalaga. Til samþykkis ákvarðana þar að lútandi þurfa að greiða atkvæði hluthafar sem fara með a.m.k. 85% hlutfjár í félaginu.

12. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 12.1. Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutfélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt með rafrænni undirritun, sjá efst á skjali.

f.h. Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.

Þann 27.09.2024.